

Frumvarp til laga um nálgunarbann.

1. gr.

Heimilt er leggja bann við því að maður komi á tiltekinn stað eða svæði, veiti eftirför, heimsæki eða setji sig með öðru móti í samband við annan mann ef rökstudd ástæða er til að ætla að hann muni fremja afbrot eða raska á annan hátt friði þess manns sem í hlut á.

2. gr.

Lögregla gerir kröfu um nálgunarbann.

Eftir að dómara hefur borist krafa um nálgunarbann ákveður hann þinghald til að taka kröfuna fyrir og gefur út kvaðningu á hendur þeim sem krafan beinist að. Í kvaðningu skal greina stað og stund þinghalds ásamt áskorun til viðtakanda um að sækja þing.

Heimilt er að handtaka þann sem krafan beinist að ef hann sækir ekki þing að forfallalaus. Skal tekið fram í kvaðningu til viðtakanda að lögregla megi færa hann fyrir dóm með valdi ef með þarf.

Skylt er dómara að verða við ósk manns um að skipa honum verjanda ef þess er krafist að hann sæti nálgunarbanni.

3. gr.

Þegar krafa um nálgunarbann er tekin fyrir kynnir dómari hana þeim sem hún beinist að. Skal honum gefinn kostur á að tjá sig um kröfuna. Heimilt er í því skyni að veita frest sem ekki skal vera lengri en tveir sólarhringar. Að svo búnu leggur dómari úrskurð á kröfuna.

Nálgunarbanni skal markaður ákveðinn tími, þó ekki lengur en eitt ár. Nálgunarbann verður ekki framlengt nema til komi nýr dómsúrskurður.

Dómari ákveður sakarkostnað í úrskurði sínum.

4. gr.

Nú er sá sem sætir nálgunarbanni ekki viðstaddur þegar úrskurður er kveðinn upp og skal þá úrskurður birtur honum á sama hátt og dómur í sakamáli.

Þegar ástæður þær sem lágu til grundvallar nálgunarbanni eru ekki lengur fyrir hendi getur lögregla fellt bannið úr gildi. Ákvörðun lögreglu um að fella úr gildi bann verður ekki borin undir dómara.

Lögregla skal tilkynna þeim sem njóta á verndar með nálgunarbanni um að krafa verði lögð fyrir dóm, um lyktir máls og lok nálgunarbanns.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2007.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um meðferð sakamála en það frumvarp er afrakstur af heildarendurskoðun laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Reglur um nálgunarbann voru lögfestar árið 2000, sbr. lög um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum, nr. 94/2000, en með þeim var þeim reglum bætt við lög um meðferð opinberra mála. Að baki því þjuggu þær röksemdir að nálgunarbann á sér nokkra samsvörun við þvingunarúrræði þeirra laga. Hjá því verður hins vegar ekki litið að nálgunarbann hefur ekki það sameiginlega einkenni þvingunarúrræða að tengjast rannsókn eða meðferð sakamáls í tilefni af tilteknu broti. Er því eðlilegra að þessu úrræði verði komið fyrir í sérstökum lögum, svo sem lagt er til með frumvarpi þessu. Ákvæði frumvarpsins eru efnislega eins og gildandi reglur um nálgunarbann og þykir því ekki tilefni til frekari skýringa á ákvæðum þess.